

STJÓRNARTÍÐINDI B 22 – 1993

24. mars 1993

257

Nr. 117

AUGLÝSING

um jöfnunartoll á innflutt súkkulaði, brauð, kex og kökur.

1. gr.

Greiða skal í ríkissjóð við tollafgreiðslu jöfnunartoll af súkkulaði, brauði, kexi og kökum í samræmi við upptalningu tollskrárnúmera í neðangreindri gjaldskrá. Gjaldið skal lagt á miðað við kr/kg. Þó skal samanlagður tollur og jöfnunartollur aldrei vera hærri en sem nemur 46% af tollverði á vörum sem falla undir vörulið 1806 og aldrei hærri en sem nemur 37% af tollverði á vörum sem falla undir vörulið 1905.

Tollskrárnúmer:	Jöfnunartollur kr/kg:	Tollskrárnúmer:	Jöfnunartollur kr/kg:
1806.2009	51	1905.3011	29
1806.3101	53	1905.3019	17
1806.3109	53	1905.3021	49
1806.3202	51	1905.3029	39
1806.3203	20	1905.3030	11
1806.3209	20	1905.4000	27
1806.9002	18	1905.9011	68
1806.9003	51	1905.9019	9
1806.9005	57	1905.9020	4
1806.9006	51	1905.9040	79
1806.9007	51	1905.9051	99
1806.9009	51	1905.9059	51
1905.2000	59	1905.9090	86

2. gr.

Að því leyti sem ekki er kveðið á um vöruflokkun, gjalddaga, lögvernd, viðurlög og aðra framkvæmd álagningu og innheimtu jöfnunartolls skulu gilda eftir því sem við getur átt ákvæði tollalaga nr. 55/1987, með áorðnum breytingum, svo og reglugerða og annarra fyrirmæla settra samkvæmt þeim.

3. gr.

Tollstjórar annast innheimtu jöfnunartolls samkvæmt reglugerð þessari og standa skil á honum í ríkissjóð eftir þeim fyrimælum sem fjármálaráðuneytið setur um skil innflutningsgjalda, sbr. 15. gr. reglugerðar nr. 530/1975, um reikningsskil innheimtumanna ríkissjóðs.

4. gr.

Auglýsing þessi er sett samkvæmt heimild í 118. gr. tollalaga nr. 55/1987 til að öðlast gildi frá og með 1. apríl 1993 og skal hún gilda til og með 30. júní 1993. Jafnframt fellur úr gildi auglýsing nr. 1, 4. janúar 1993.

Fjármálaráðuneytið, 24. mars 1993.

F. h. r.

Indriði H. Þorláksson.

Rúna S. Geirsdóttir.

AUGLÝSING

um hlutfall búnaðarmálasjóðsgjalds verðlagsárið 1992–1993.

Samkvæmt heimild í 5. gr. laga nr. 41 15. maí 1990 um Búnaðarmálasjóð, hafa verið ákveðin frávik við innheimtu búnaðarmálasjóðsgjalds til neðantalinna búgreinafélaga verðlagsárið 1992–1993:

a) Félag hrossabænda	1,000%
b) Landssamband kartöflubænda	0,500%
c) Samband garðyrkjubænda	0,500%
d) Svínaræktarfélag Íslands	0,275%
e) Félag kjúklingabænda	0,275%

Gjald til forfallaþjónustu í sveitum skal felld niður hjá framleiðendum í eftirtöldum búgreinum sem hafna skriflega aðild að forfallaþjónustunni:

Eggjaframleiðslu, garðyrkju, hrossarækt, svínarækt, holdafuglarækt og æðarrækt.

Tilkynning þar um skal hafa borist Framleiðsluráði landbúnaðarins fyrir 1. maí 1993.

Samkvæmt heimild í 6. gr. laga nr. 41/1990 skal innheimta gjalds til Bjargráðasjóðs af afurðum hrossa og afurðum garðyrkju og gróðurhúsa, nema kartafna og gulrófna, falla niður.

Landbúnaðarráðuneytið, 19. mars 1993.

F. h. r.

Guðmundur Sigþórsson.

Jón Höskuldsson.